

**Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)**

**Staður:** Teams

**Dagsetning:** 28. október 2020

**Tími:** 12:30 til 14:00

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Rakel Lind Hauksdóttir (RLH) sem varakona í stjórn í stað Ragnheiðar Aradóttur sem boðaði forföll. Andrea Róbertsdóttir (AR) framkvæmdastjóri vareinnig viðstödd fundinn.

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Orkuskipti í fundarherbergjum OR/FKA o.fl.
3. Jafnvægisvogarráðstefna
4. Samstarf við Torg
5. Viðurkenningarhátíð
6. Sýnileiki í takt við nýja tíma
7. Fjármál landsbyggðadeilda
8. Tilboð í bókhald og útboðsgögn
9. Fjármál FKA
10. Önnur mál
  - a. Nýliðamóttaka
  - b. New Icelanders opnum.
  - c. Umsagnir við frumvörp til laga

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

---

**1. Dagskrá stjórnarfundar**

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

**2. Orkuskipti í fundarherbergjum OR/FKA o.fl.**

Fjallað var um rafrænan morgunfund FKA og OR sem haldinn verður mánudaginn 2. nóvember kl. 8:30. Fjallað verður um jafnréttismál og aðilar úr framlínu íslensks viðskiptalífs munu tylla sér við hringborð atvinnulífsins og ræða hugmyndir. HRÁ fyrir hönd FKA, fulltrúar OR og Sjóvá verða með erindi á morgunfundinum. Á milli erinda munu þátttakendur á hringborði ræða málin. Fulltrúar Íslandspósts, OR, Marel, Sjóvár og formaður stjórnar matvælasjóðs munu taka þátt í hringborðsumræðum.

**3. Jafnvægisvogarráðstefna**

Ráðstefnan verður haldin með rafrænu sniði þann 12. nóvember nk. Thelma, Hildur og RA hafa skilað góðri vinnu í tengslum við undirbúning ráðstefnunnar.

#### 4. Samstarf við Torg

AR greindi frá stöðunni í samstarfi við Torg vegna Viðurkenningarhátíðar FKA. AR hefur átt í samskiptum við sölustjóra Torgs um framkvæmd hátíðarinnar og aðdraganda hennar. AR varpaði fram tímalínu þar sem fram koma tillögur um helstu dagskrárliði. Sjálf Viðurkenningarhátíðin verður í formi sjónvarpsþáttar á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þann 27. janúar nk. Fram að þeim tíma fær FKA sýnileika í fjölmiðlum og er hugmyndin meðal annars sú að vera með umræðuþætti, kynningu í sérblöðum o.s.frv.

#### 5. Viðurkenningarhátíð

SH og ÁG greindu frá því að val á dómnefnd vegna Viðurkenningarhátíðar stæði yfir. Leitað hefði verið eftir tillögum frá félagskonum og stjórn FKA. Ákveðið hefði verið að dómnefndin yrði skipuð 3 konum og 3 karlmönnum auk þess sem ÁG mun eiga sæti í nefndinni fyrir hönd stjórnar FKA. AR, ÁG og SH eru á lokaprettinum að fara yfir tillögur um val í dómnefnd og munu innan skamms kynna hvaða einstaklinga haft verður samband við og óskað eftir að taki sæti í dómnefndinni.

#### 6. Sýnileiki í takt við nýja tíma

VJ greindi frá því að undirbúningsnefndin sem stendur að skipulagningu Sýnileikadagsins bíði eftir svörum frá Advania varðandi þátttöku Advania á tæknilegri framkvæmd. Nefndin kom saman í síðustu viku og hefur hafist handa við að skipuleggja viðburðinn. Stefnt er að því að viðburðurinn fari fram í febrúar nk.

#### 7. Fjármál landsbyggðadeilda

HRÁ greindi frá því að hún hefði átt í samskiptum við formann FKA Suðurlands vegna ónýttra fjármuna síðasta starfsárs sem FKA Suðurland hefði ekki getað nýtt í starf deildarinnar vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. FKA Suðurland hefur óskað eftir því að stjórn heimili flutning ónýttra fjármuna síðasta starfsárs yfir á núverandi starfsár en gildandi reglur um landsbyggðadeildir er sú að óheimilt sé að færa ónýtta fjármuni á milli starfsára.

Stjórn ákvað að rétt væri að óska eftir rafrænum fundi stjórnar og fulltrúa allra landsbyggðadeilda FKA til að ræða þessi mál og leitast við að finna sameiginlega og viðunandi lausn hvað þessi mál varðar.

MJN greindi frá því að hún hefði átt fund með FKA konum frá Norður-, Vestur- og Suðurlandi þar sem rædd var fyrirhuguð ráðstefna (málþing) á Bifröst. MJN telur heppilegt að halda ráðstefnuna í janúar á nýju ári og mun frekari skipulagning senn hefjast.

#### 8. Tilboð í bókhald og útboðsgögn

UEA greindi frá árangursríku samstarfi við HÍ og að námskonurnar Vanesa og Júlía frá HÍ hefðu reynst góður liðsauki við greiningarvinnu á bókhaldi félagsins. Stjórn telur að bókhaldskostnaður FKA væri sé of hár miðað við umfang félagsins. Búið er að teikna upp ferla við bókhald og innheimtu iðgjalda og leggja drög að tilboðsgögnum með kröfulýsingu á þjónustunni.

Ákveðið að hafa samband við öll fyrirtæki í eigu FKA kvenna sem annast færslu bókhalds og bjóða þeim upp á að fá tilboðsgögnin send svo þau sem áhuga hafa geti gert tilboð í færslu á bókhaldi félagsins.

## 9. Fjármál FKA

AR fór yfir stöðuna í fjármálum félagsins. Þá greindi hún frá tímalínu fyrir innheimtu félagsgjalda.

## 10. Önnur mál

### a) Nýliðamóttaka

Fræðslunefnd hefur óskað eftir því að nýliðamóttaka verði í höndum annarra en fræðslunefndar að sinni vegna mikilla anna hjá nefndinni við skipulagningu fyrirlestraraðar um konur og fjármál. HRÁ taldi mikilvægt að ákveða dag fyrir nýliðamóttöku til að hægt væri að upplýsa nýja konur um fyrirkomulag. Ákveðið að áherslan verði á að skipuleggja einfaldan fund þar sem stjórn ásamt reyndum félagskonum FKA fá tækifæri til að hitta, tengjast og taka vel á móti nýjum félagskonum.

### b) New Icelanders opnum

Fjölmennur opnunarfundur New Icelanders var haldinn á dögnum á rafrænu formi. AR leggur áherslu á að festa í sessi verklag varðandi New Icelanders með forsvarsmönnum nefndarinnar og Danielle Neben sem hefur verið nefndinni til liðsinnis varðandi tengingu við FKA.

### c) Umsagnir við frumvörp

#### 1. Umsögn með frumvarpi til laga um breytinga á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélög (viðurlög vegna hlutfalls kynja í stjórn)

ÁG greindi frá því að FKA hefði fengið sent til umsagnar frá Atvinnuveganefnd Alþingis frumvarp til breytinga á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélög (viðurlög vegna hlutfalls kynja í stjórn). Í frumvarpinu er lagt til að leggja skuli dagsektir á þau félög sem ekki fara að ákvæðum um hlutföll kynja í stjórnnum.

Ákveðið að senda Atvinnuveganefnd umsögn þar sem fram kæmi stuðningur við framkomið frumvarp enda væri það algjörlega óviðunandi að hér á landi væri ekki farið að ákvæðum laga um kynjahlutföll í stjórnnum félaga.

#### 2. Umsögn með frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna

ÁG greindi frá því að Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefði sent FKA til umsagnar frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Með frumvarpinu sem Forsætisráðuneytið vann að höfðu samráði við hagsmunaaðila er lagt til að gerð verði heildstæð breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt falla úr gildi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008.

Ákveðið að stjórn FKA muni senda Allsherjar- og menntamálanefnd umsögn þar sem lýst er yfir stuðningi við framkomið frumvarp.

Fleira var ekki gert.